

Nr. 015 / 16 Lagarfoss***Skipverji slasast við fall***

IMO nr. 9641314
Smíðaður: Kína 2014, stál
Fánaríki ANTIGUA & BARBUDA
Stærð: 10.106 BT
Mesta lengd: 140,68 m
Breidd: 23,20 m Dýpt: 8,70 m
Vél: MaK
Fjöldi skipverja: 12



Lagarfoss ©Ruud Glimmerveen

Gögn:
Slysatilkynning frá skipi
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..

Atvikalýsing:

Þann 12. desember 2015 var Lagarfoss á siglingu í Norðursjó á leið til Þórshafnar. Veður: NV 3 m/s.

Vélstjóri var við vinnu í vélarúmi að skipta um loka þegar hann rann til og féll með þeim afleiðingum að hann rifbeinsbrotnaði.

Við rannsókn kom fram:

- að gólfíð var ekki hált en talsverður veltingur var;
- að slasaði var sex vikur frá störfum.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.